

ÚTHLUTUNARREGLUR VERKALÝÐSFÉLAGS VESTFIRÐINGA

VERKLAGSREGLUR UM FYRIRKOMULAG Á GREIÐSLUM DAGPENINGA OG STYRKJA

1. UMSÓKNIR

- 1.1. Leggja skal fram rafræna umsókn til sjóðsins á þar til gerðum umsóknarformum á Félagavef ásamt öllum þeim fylgigögnum sem krafist er að fylgi umsókn.
- 1.2. Félagsmenn sem kjósa að sækja ekki um rafrænt geta nálgast eyðublöð á heimasíðu Verk Vest eða komið á skrifstofur félagsins og fyllt út umsókn á staðnum.
- 1.3. Ekki er heimilt að afgreiða umsóknir nema þær séu útfylltar á fullnægjandi hátt og öll nauðsynleg fylgiskjöl liggi fyrir.
- 1.4. Farið er með allar umsóknir sem trúnaðarmál og í samræmi við lög og reglur um persónuvernd.
- 1.5. Með staðfestingu umsóknar heimilar félagsmaður að félagið sannreyni réttmæti gagna s.s. kvittana og framlagðra læknisvottorða og veitir félaginu heimild til þess að afla frekari gagna sem afgreiðsla umsóknarinnar getur byggt á.
- 1.6. Einungis þeir sem sannanlega greiða eða er greitt af til sjóðsins og verið er að greiða fyrir til sjóðsins þegar réttur myndast eiga rétt í sjóðnum sbr. þó gr. 14. í reglugerð sjóðsins um geymd réttindi og 15. gr. um flutning á milli sjúkrasjóða ASÍ.
- 1.7. Óheimilt er að greiða dagpeninga eða styrki inná bankareikning á nafni annars en umsækjanda nema fyrir liggi skriflegt umboð staðfest af vottum.
- 1.8. Gefi umsækjandi rangar eða villandi upplýsingar sem áhrif geta haft á réttindi getur viðkomandi misst rétt til styrkja/dagpeninga úr sjóðnum. Heimilt er að endurkrefja félagsmann um þegar greiddar styrki/dagpeninga sem aflað er með sviksamlegum hætti.

2. UMSÓKNARFRESTIR OG ÚTHLUTUN

- 2.1. Umsóknir um dagpeninga og fylgigögn þurfa að jafnaði að berast fyrir 20. hvers mánaðar eða síðasta virka dag á undan nema annars sé sérstaklega getið á heimasíðu félagsins 2.2. Allar umsóknir um dagpeninga og styrki skv. 13. gr. reglugerðar sjóðsins og umsóknir um dagpeninga vegna meðferðar og dagpeninga á meðgöngu samkvæmt h) og i.) liðum greinar 5.6.1. í úthlutunarreglum þessum skal starfsmaður sjúkrasjóðs undirbúa og leggja fyrir framkvæmdastjórn til afgreiðslu.
- 2.3. Telji starfsmaður vafa á réttmæti umsóknar skal hann kynna framkvæmdastjórn ástæður þess.
- 2.4. Starfsmaður hefur heimild félagsstjórnar til að afgreiða styrki að undanskildum öllum flokkum dagpeninga og dánarbóta og þurfa þær umsóknir alla jafna ekki sérstaka umfjöllun framkvæmdastjórnar sjóðsins.
- 2.5. Komi upp álitamál um styrkveitingar skal starfsmaður sjóðsins leggja þær umsóknir fyrir framkvæmdastjórn til úrskurðar. Komi upp vafaatriði varðandi niðurstöðu máls við úthlutun skal vísa máli til stjórnar félagsins til úrskurðar, sérstaklega ef niðurstaða framkvæmdastjórnar getur haft stefnumótandi áhrif varðandi úthlutanir úr sjóðnum.
- 2.6. Dagpeningar eru greiddir út mánaðarlega síðasta virka dag mánaðar.

2.7. Umsóknir um endurhæfinga- og forvarnarstyrki og styrki vegna sjúkra- og slysakostnaðar og fylgigögn þurfa að jafnaði að berast tveimur dögum fyrir úthlutunardag.

2.8. Styrkir eru greiddir út á tveggja vikna fresti, annan og fjórða föstudag hvers mánaðar eða síðasta virka dag á undan. Upplýsingar um úthlutunardaga koma fram á heimasíðu félagsins. Ef breytingar verða er þeirra getið á heimasíðu Verk Vest.

2.9. Ekki eru gerðar undantekningar á greiðsludögum nema ljóst sé að mistök hafi orðið við afgreiðslu umsóknar og að þess vegna hafi greiðsla ekki verið innt af hendi.

3. GÖGN SEM FYLGJA ÞURFA UMSÓKN

3.1. Rétt útfyllt umsókn og nauðsynleg gögn verða að liggja fyrir til að sjóðfélagi geti fengið greitt úr sjóðnum.

3.2. Rétt útfylltar umsóknir og fylgigögn þurfa að berast á réttum tíma að öðrum kosti frestast afgreiðsla til næstu úthlutunar. Fylla skal út í alla reiti um persónuupplýsingar.

3.3. Starfsmönnum sjóðsins er heimilt að óska eftir þýðingu gagna t. d. frá löggiltum skjalapýðanda. Umsækjandi ber kostnað af þýðingu.

3.4. Bankaupplýsingar þurfa að fylgja öllum umsóknum. Þar sem greiðslur sjúkrasjóðs eru færðar rafrænt valda rangar upplýsingar um reikningsnúmer því að greiðsla til viðkomandi er ekki greidd á réttum tíma.

3.5. Vegna samninga um réttindaflutning milli sjúkrasjóða ASÍ félaga er nauðsynlegt að geta um greiðslur annarra sjúkrasjóða ASÍ félaga á umsókn. Sá sem öðlast hefur rétt til greiðslu sjúkra- og slysadagpeninga eða styrkja úr sjúkrasjóði eins verkalýðsfélags innan ASÍ, öðlast þann rétt hjá sjúkrasjóði Verk Vest eftir að hafa greitt til sjóðsins í einn mánuð, enda hafi hann fram að því átt rétt hjá fyrri sjóðnum. Þegar sótt er um styrki/ sjúkradagpeninga skal umsækjandi leggja fram yfirlit um veitta styrki/sjúkradagpeninga sem hann hefur þegið úr öðrum sjúkrasjóðum sl. 36 mánuði.

3.5.1 Sá sem öðlast hefur rétt til greiðslu sjúkra-og slysadagpeninga eða dánarbóta úr sjúkrasjóði eins aðildarfélags BSRB öðlast þann rétt hjá sjúkrasjóði Verk Vest skv. þeim reglum sem þar gilda eftir að hafa greitt í þann sjóð í einn mánuð, enda hafi hann fram að því átt rétt hjá fyrri sjóðnum. Þegar sótt er um sjúkra-og slysadagpeninga eða dánarbætur skal umsækjandi leggja fram yfirlit um greidda dagpeninga og dánarbætur sem hann hefur þegið úr fyrri sjúkrasjóði síðastliðna 12 mánuði.

3.6. Gögn sem þurfa að fylgja umsóknum um forvarnar- og endurhæfingarstyrki og styrki vegna sjúkra- og slysakostnaðar:

3.6.1. Frumrit sundurliðaðra reikninga sem sannanlega hafa verið greiddir, í nafni félagsmanns með nafni og kennitölu umsækjanda. Á reikningunum þarf að vera útgáfudagur reiknings, áritun/stimpill/merki þess er gefur reikninginn út með upplýsingum um nafn, starfsheiti, kennitölu og heimilisfang eða símanúmer. Til viðbótar þarf að skila staðfestingu á greiðslu reiknings t.d. úr íslenskum heimabanka eða greiðslukvittun frá viðkomandi fyrirtæki. Reikningur má ekki vera eldri en 12 mánaða.

3.6.2. Upplýsingar um fjölda skipta og dagsetningar meðferða þar sem við á s.s. vegna sjúkrabjálfunar, sjúkranudds, kírópraktor, sálfræðings, lækni o.fl. sem aðeins sjóðfélagi hefur nýtt sér eða kaupa á vöru eða þjónustu sem aðeins sjóðfélagi hefur nýtt sér skal koma fram á reikningi.

3.6.3. Umsóknum um styrk vegna áfengismeðferðar skal fylgja staðfesting á meðferðarúrræði frá meðferðar aðila, vinnuveitendavottorð ásamt beiðni um nýtingu persónuafsláttar.

3.6.4. Sjóðurinn áskilur sér rétt til að óska eftir frumriti reiknings sem áður hefur verið sendur til sjóðsins, áður en útborgun á sér stað.

3.6.5. Vegna umsóknar um styrk vegna heilsutengdrar vöru eða þjónustu sem er keypt erlendis þarf að leggja fram frumrit reiknings á upprunalegu tungumáli sem inniheldur sundurliðaða kostnaðarskiptingu. Einnig þarf að fylgja með bankakvittun úr íslenskum banka sem staðfestir greiðslu í íslenskum krónum. Brýnt er að allur texti sé skýr og skilmerkilegur. Starfsfólki sjóðsins er heimilt að kalla eftir þýðingu frá löggiltum skjalapýðanda. Umsækjandi greiðir kostnað við slíkt.

3.7. Gögn sem þurfa að fylgja umsóknum um dagpeninga úr sjóðnum

3.7.1. Læknisvottorð. Við umsókn um sjúkradagpeninga verður að leggja fram fullgilt og staðfest læknisvottorð gefið út á Íslandi. Ef læknisvottorðið er tímabundið er umsækjenda bent á að endurnýja það og koma til Sjúkrasjóðs VerkVest, standi óvinnufærni lengur en upphaflegt vottorð sagði til um.

3.7.2. Læknisvottorð skal að meginreglu ekki vera eldra en mánaðargamalt. Læknisvottorð eldri en mánaðargömul frá því réttur skapaðist hjá sjóðnum eru að jafnaði ekki tekin gild þegar sótt er um sjúkradagpeninga eða styrki nema sérstaklega standi á. Framkvæmdastjórn sjóðsins er heimilt að veita undanþágu frá þeirri reglu þegar sérstaklega stendur á.

3.7.3. Launaseðlar/iðgjaldavottorð síðustu sex eða tólf mánaða eftir atvikum hafi umsækjandi greitt til annarra stéttarféлага ASÍ á tímabilinu.

3.7.4. Staðfesting atvinnurekanda á að veikindaréttur hjá atvinnurekanda sé tæmdur og upplýsingar um dagsetningu síðustu launagreiðslu frá atvinnurekanda. [Vinnuveitendavottord.pdf](#)

3.7.5. Upplýsingar um stöðu nýtingar persónuafsláttar úr staðgreiðsluskrá Ríkisskattstjóra sem má nálgast á [rsk.is](#) ef umsækjandi óskar eftir að persónuafsláttur sé nýttur.

3.7.6. Önnur gögn eftir því sem við á, s.s. frá Tryggingarstofnun ríkisins, upplýsingar um greiðslur frá öðrum aðilum.

3.8. Gögn sem þurfa að fylgja umsóknum um dánarbætur úr sjóðnum:

3.8.1. Dánarvottorð.

3.8.2. Ef félagsmaður skilur eftir sig börn undir 18 ára aldri er krafist staðfestingar frá Þjóðskrá Íslands.

3.8.3. Sé óskað eftir að greitt sé inn á bankareikning á nafni annars en hins látna þarf yfirlýsingu um lögerfingja frá sýslumanni og umboð annarra lögerfingja til handa þeim sem sækir um.

4. DAGPENINGAR

4.1. Útreikningur dagpeninga miðast við almanaksdaga, að meðaltali 30 daga í mánuði.

4.2. Greiðslur dagpeninga vegna alvarlegra veikinda barna og maka skv. gr. 13.b) og 13.c) í reglugerð sjúkrasjóðs koma einungis til greina vegna mjög alvarlegra veikinda og verða að krefjast sérstakrar umönnunar af hálfu félagsmanns samkvæmt læknisvottorði. Sömu reglur gilda um þau læknisvottorð og önnur læknisvottorð. Sé um vafamál að ræða eru þau metin sérstaklega af stjórn félagsins.

4.3. Réttur til dagpeninga í veikinda- og slysaforföllum fyrnist sé hans ekki vitjað innan tólf mánaða frá því að bótaréttur skapaðist og á einungis við þegar félagsmaður hefur tæmt veikindarétt hjá atvinnurekanda.

Réttur til dagpeninga samkvæmt greinum 13.a), 13.b), og 13.c) í reglugerð sjúkrasjóðs VerkVest er sjálfstæður og aðskilinn.

5. FORVARNAR- OG ENDURHÆFINGARSTYRKIR OG STYRKIR VEGNA SLYSA- OG SJÚKRAKOSTNAÐAR.

5.1. Veittir eru styrkir til sjóðsfélaga í formi forvarnar- og endurhæfingarstyrkja og styrkja vegna slysa- og sjúkrakostnaðar.

5.2. Til þess að eiga rétt á styrkjum skv. gr. 5.1 þarf félagsmaður að hafa greitt félagsgjöld til félagsins næstliðna 6 mánuði, uppfylla kröfur 14. gr. reglugerðar sjóðsins (geymd réttindi) eða hafa öðlast rétt í sjúkrasjóði annars aðildarfélags ASÍ skv. 15. gr. reglugerðar sjóðsins

5.3. Reikningur skal dagsettur eftir að réttur félagsmanns til styrkja stofnast í sjóðnum.

5.4. Réttur til iðgjaldatengdra styrkja miðast við síðustu 12 mánuði. Greiðslukvittanir mega ekki vera eldri en 12 mánaða m.v. að réttindi liggi fyrir þá. Réttindi miðast við dagsetningu nótu.

5.5. Þeir félagsmenn sem eiga geymd réttindi hjá félaginu skv. 14. gr. reglugerðar sjúkrasjóðs geta nýtt þau réttindi í sjóðnum sem til staðar voru hjá félaginu þegar félagsmaður hvarf af vinnumarkaði. Réttindi í sjóðnum endurnýjast ekki fyrr en viðkomandi hefur störf á vinnumarkaði og greiðslur til sjóðsins hefjast að nýju.

5.6. Tegundir styrkja

5.6.1. Greiddir eru eftirfarandi styrkir:

a) Fæðingarstyrkur.

Sjóðurinn greiðir fæðingarstyrk sem nemur kr. 153.000. Heimilt er að veita styrk vegna ættleiðingar barns skv. þessari grein.

b) Glasa- og tæknifrjógvgun

Sjóðurinn greiðir styrk vegna glasa- eða tæknifrjógvgunar/tæknisæðingar allt að tvisvar sinnum til sjóðfélaga. Greitt er allt að kr. 257.000 í fyrra skipti og kr. 129.000 í síðara skiptið en þó að hámarki 50% af kostnaði.

c) Dvöl á heilsustofnun

Sjóðurinn greiðir styrk vegna dvalar á Heilsustofnun NLFÍ í Hveragerði. Styrkuppþæð er að hámarki kr. 7.150 á dag í allt að 4 vikur á hverjum 12 mánuðum.

d) Krabbameinsleit

Sjóðurinn endurgreiðir sjóðfélögum kostnað að fullu vegna krabbameinsleitar/hópleitar samkvæmt verðskrá.

e) Krabbameinsskoðun – framhaldsskoðun.

Sjóðurinn greiðir styrk vegna framhaldsrannsókna allt að kr. 14.500 í eitt skipti á hverjum 12 mánuðum, þó ekki meira en 100% af kostnaði. Styrkur er veittur vegna framhaldsrannsókna og vegna blöðruhálsskoðana eða ristilsskimunar/speglunar.

f) Jólaglaðningur

Í desembermánuði ár hvert skal verja, samkvæmt ákvörðun félagsstjórnar hverju sinni, ákveðinni upphæð til félagsmanna sem eru orðnir eða verða 69 ára á almanaksárinu og eru hættir störfum og greiddu til félagsins við starfslok. Skilyrði fyrir því að fá jólaglaðning er að félagsmaður hafi verið sjóðfélagi Verk Vest samfellt síðustu 5 ár starfsævinnar áður en hann lét af störfum vegna aldurs eða örorku.

g) Viðtalsmeðferðir

Sjóðurinn greiðir styrk vegna viðtalsmeðferðar hjá sálfræðingi, geðhjúkrunarfræðingi, félags- eða fjölskylduráðgjafa. Miðað er við að meðferðaraðili falli ekki undir afsláttarkjör hjá Tryggingastofnun, svo sem eins og t.d. á við um geðlækna. Greitt er allt að kr. 14.500 fyrir hvert skipti. Þó er aldrei greitt meira en sem nemur 75% af kostnaði í allt að 12 skipti á hverjum 12 mánuðum.

h) Dagpeningar vegna meðferðar

Vegna meðferðar út af áfengis-, spila- eða fíkniefnasýki sjóðfélaga greiðast að lokinni fullri meðferð dagpeningar í mest 8 vikur, einu sinni á hverjum þremur árum. Um útreikning fjárhæðar og skilmála dagpeninga vegna meðferðar gilda a), e) og g) liðir 13. gr. í reglugerð félagsins.

i) Dagpeningar vegna meðgöngu

Sé barnshafandi foreldri nauðsynlegt af heilsufars- eða öryggisástæðum sem tengjast meðgöngu að vera frá vinnu á fyrstu 7 mánuðum meðgöngutímans skal það eiga rétt á dagpeningum eins og um veikindi væri að ræða. Í tilvikum sem ekki uppfylla skilyrði 1. mgr. 17. gr. laga nr. 144/2020, er heimilt að greiða dagpeninga á 9. mánuði meðgöngu. Um útreikning og skilmála dagpeninga vegna meðgöngu gilda a), e), f) og g) liðir 13. gr. í reglugerð félagsins. Eigi foreldri rétt á lengingu fæðingarorlofs af ástæðum er tengjast meðgöngu eða fæðingu barns, skal umsækjandi framvísa staðfestingu á að réttur hjá Fæðingarorlofssjóði sé fullnýttur. Sama á við um foreldri sem á rétt á lengingu fæðingarorlofs vegna alvarlegra veikinda barns í tengslum við fæðingu eða alvarlegra fötlun barnsins.

j) Gleraugnastyrkur

Styrkur er veittur til gleraugnakaupa að hámarki kr. 102.000 einu sinni á hverjum 36 mánuðum.

5.6.2. Dagpeninga vegna meðferðar og meðgöngu skv. staflíðum skv. staflíðum h) og i) er heimilt að miða við meðaltal heildarlauna á síðustu 12 mánuðum í stað síðustu 6 mánaða, hafi tekjur sjóðfélaga breyst verulega til hækkunar eða lækkunar á viðmiðunartímabilinu. Heimilt er að reikna meðallaun dæmigerðra 6 mánaða innan 12 mánaða tímabils til grundvallar útreiknings dagpeninga.

5.6.3. Hámark dagpeninga vegna meðferðar og meðgöngu skv. staflíðum h) og i) er kr. 763.249. á mánuði. Þessi upphæð miðast við vísitölu neysluverðs pr. apríl 2025 og tekur sömu breytingum og hún.

5.6.4. Réttur til dagpeninga á meðgöngu skv. staflíð i) endurnýjast á hverjum 12 mánuðum, hlutfallslega eftir því sem hann er nýttur, talið frá þeim degi sem dagpeningagreiðslum lýkur hverju sinni og greiðslur iðgjalda hefjast að nýju. Dagpeningar skulu greiddir mánaðarlega.

5.6.5. Styrkupphæð getur aldrei orðið hærri en kostnaðarverð skv. reikningi.

5.6.6. Styrkupphæðir að undanskildum f) lið miðast við félagsgjöld af lágmarkslaunum fyrir fullt starf. Greiði félagsmaður lægra iðgjald en sem nemur 50% iðgjaldi miðað við grunn dagvinnutaxta í kjarasamningi Samiðnar og Samtaka atvinnulífsins greiðist hálfur styrkur.

5.6.7. Fjárhæðir styrkja undanskildum f), h) og i) liðum skulu endurskoðaðar af félagsstjórn árlega og kynntar á aðalfundi.

5.6.8. Stjórn er heimilt að afnema styrki tímabundið krefjist fjárhagsafkoma sjóðsins þess.

5.7. Iðgjaldatengdir styrkir

5.7.1. Rétt til iðgjaldatengdra styrkja úr sjóðnum eiga þeir sem sannanlega greiða eða greitt er af til sjóðsins og verið er að greiða af til sjóðsins sem réttur til aðstoðar myndast og þeir sem öðlast hafa rétt skv.14.gr.(geymd réttindi) eða 2. mgr. 15. gr.(flutningur á milli ASÍ félaga) reglugerðar sjúkrasjóðs.

5.7.2. Réttur til iðgjaldatengdra styrkja miðast við greidd iðgjöld síðastliðinna 12 mánaða.. Hámarksupphæð á hverju 12 mánaða tímabili er kr. 72.000.

5.7.3. Upphæðir skal miða við 50% af útlögðum kostnaði skv. reikningi, að hámarki 75% af iðgjöldum viðkomandi í sjúkrasjóð síðustu 12 mánuði að frádrögnum styrkjum sem greiddir hafa verið til viðkomandi sjóðfélaga síðustu 12 mánuði.

5.7.4. Greiddir eru iðgjaldatengdir styrkir til félagsmanna vegna eftirfarandi:

- a) Líkamsræktar og heilsueflingar.
- b) Myndatöku og rannsókna vegna sjúkdóma og slysa, þar með talið göngugreiningar.
- c) Hjálpartækja s.s. innleggja í skó, heyrnartækja og linsa.
- d) Sjónlagsaðgerðir/Augasteinaaðgerðir.
- e) Sjúkraþjálfunar, sjúkranuðs, iðjuþjálfunar, osteopata og kíropraktors.
- f) Tannlækninga.

5.7.5. Sjóðfélagi sem látið hefur af störfum vegna aldurs eða örorku og greitt var af til sjóðsins a.m.k síðasta árið fyrir starfslok getur nýtt áunnin réttindi sem hann átti við starfslok á næstu 24 mánuðum.

5.7.6. Stjórn er heimilt að afnema styrki tímabundið krefjist fjárhagsafkoma sjóðsins þess.

6. BREYTINGAR Á REGLUM ÞESSUM

6.1. Breytingar á reglum þessum verða aðeins gerðar á fundi félagsstjórnar og þurfa þær að vera samþykktar með einföldum meirihluta greiddra atkvæða. Tillögum að breytingum á reglum þessum skal getið í fundarboði. Kynna skal breytingar á aðalfundi ár hvert.

Samþykkt á aðalfundi þann 28.apríl 2025.